

Opin smiðja
- Hljóðsmiðja I -
Námslýsingar fyrir
tilraunakennslu

Heiti námslýsinga:

Námslýsing fyrir opna smiðu - Hljóðsmiða I

Lengd náms:

120 kennslustundir, 80 klukkustundir

Fjöldi eininga:

Allt að 10 einingar

Hverjum ætlað:

Ætlað þeim sem eru 20 ára eða eldri, eru á vinnumarkaði og hafa ekki lokið framhaldsskóla.

2. útgáfa 2015

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	2
<i>Markhópur, markmið og áherslupættir</i>	3
<i>Mat til eininga</i>	3
<i>Starf/tengin við starf</i>	4
<i>Kynning</i>	4
<i>Virgni í námi</i>	4
<i>Lota I</i>	5
<i>Lota II</i>	6
<i>Mat á námi</i>	8
<i>Verkdagbók</i>	9
Tímaskýrsla	10

Heimild

Reykjavík xx.x.xxxx

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir xxxxxxxx heimild til að kenna í tilraunakennslu samkvæmt námslýsingum „Opin smiðja-Hljóðsmiðja I - Námslýsingar fyrir tilraunakennslu“ með tilvísunarnúmerinu xxxxxxxx. Heimildin gildir frá xx.xx.xxxx – xx.xx.xxxx. Heimildina skal vista í verkdagbókum námsmanna.

Xxxxxxxx skilar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins greinargerð sem lýsir reynslu af rekstri smiðjunnar.

Inngangur

Eftirfarandi námslýsingar eru byggðar á námsskránni „Opin smiðja“, sem Mennta-og menningarmálaráðuneytið heimilar að verði notuð í tilraunakennslu í tvö ár.

Árið 2010 var námsskráin „Opin smiðja“ þróunarverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námsskráin er skrifuð sem snið fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar til að skrifa námslýsingar fyrir smiðju. Í smiðju er áhersla lögð á nám til að skipuleggja, undirbúa, vinna og skila verki sem er starf eða hluti starfs á vinnumarkaði.

Námsskráin Opin smiðja lýsir viðmiðum fyrir 80 klukkustunda (120 kennslustunda) nám. Námið fer fram í tveimur lotum. Viðmið lotu I eiga við nám byrjenda sem læra í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn en viðmið lotu II eiga við nám nýliða sem læra með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum og eftirliti kunnáttumanna.

Námslýsingar þessarar smiðju er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem fá heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að skipuleggja nám samkvæmt henni. Námslýsingarnar eru einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á námið fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur um að þeir sem fá heimild til að nota þessar námslýsingar framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir.

Markhópur, markmið og áherslupættir

Markhópur smiðju eru einstaklingar 20 ára eða eldri, með stutta formlega menntun og eru á vinnumarkaði.

Námskráin lýsir viðmiðum fyrir 80 klukkustunda nám. Námið fer fram í tveimur lotum og um er að ræða verklegt nám. Viðmið lotu 1 eiga við nám byrjenda sem læra í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn en viðmið í lotu 2 eiga við nám nýliða sem læra með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum og eftirliti kunnáttumanna.

Markmið Hljóðsmiðju I er að námsmenn öðlist skilning og getu til að vinna að einföldum hljóðvinnsluverkum s.s. upptöku, klippingum og hljóðblöndun. Námsmenn geta þá nýtt kunnáttuna til að vinna að eigin verkum eða verkum annarra undir leiðsögn.

Megin áhersla smiðjunnar *Hljóðsmiðju I* er að námsmenn öðlist innsýn í helstu verkferla er snúa að hljóðvinnslu. Námsmenn taka virkan þátt í upptöku, klippingu og hljóðblöndun tónlistar og leikins efni á námskeiðinu og skal sú reynsla nýtast þeim við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni.

Lota I

- Í lotu 1 læri námsmenn í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn.
- Í lotu 1 verði áhersla á undirstöðu- þekkingu, leikni og hæfni.
- Lota 1 leggur grunn að verkum sem eru unnin í lotu 2.
- Í lotu 1 er áhersla á að kynna búnað og starfsaðstöðu til hljóðvinnslu. Farið er yfir skipulag og verkferla við hljóðvinnslu og í tengslum við hljóðvinnslubúnað s.s. hljóðnema, formagnara hátalara, mixera o.fl. Einnig er farið yfir skipulag og verkferla í tengslum við upptökurými og upptökuforrit.
- Í lok fyrstu lotu eiga námsmenn að kunna góð skil á helstu gerðum hljóðvinnslu og réttum verkferlum og skipulagi við hljóðvinnslu í greininni í dag.

Lota II

- Í lotu 2 læri námsmenn með því að vinna, samkvæmt verklýsingum, sjálfstætt, með leiðbeiningum og eftirliti.
- Í lotu 2 verði áhersla á að bæta við og festa í minni þekkingu sem fékkst í lotu 1 og auka leikni .
- Í lotu 2 er áhersla á notkun búnaðar til hljóðvinnslu, upptöku, klippingar og hljóðblöndun.
- Námsmenn vinna að að eigin efni s.s. tónlist ásamt öðrum námsmönnum á námskeiðinu. Áhersla er lögð á samvinnu þátttakenda við vinnslu verkefna.
- Í lok annarrar lotu eiga námsmenn að kunna skil á verkferlum og vinnuaðferðum við hljóðvinnslu í hljóðveri og geta gert búnaði skil og skilið notkun hans og rétta meðferð. Námsmenn eiga að hafa grunnþekkingu, leikni og hæfni til að taka upp og eftirvinna einfaldar upptökur.
- Ef námsmenn hafa, samkvæmt mati leiðbeinanda, þekkingu, leikni og hæfni sem nægir til að uppfylla viðmið fyrir lotu I og eru líklegir til að geta unnið sjálfstætt og borið ábyrgð á verki er heimilt að verja hluta eða öllum námstímanum til náms samkvæmt lýsingu fyrir lotu II.

Áhersla er lögð á að námsmaður tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að þeir efli samvinnu- og samskiptafærni sína. Megináhersla er lögð á að námsmenn afli sér þekkingar, leikni og hæfni með námi í gegnum vinnu sína.

Mat til eininga

Námslýsing fyrir Hljóðsmiðju I eru byggð á námskránni Opin smiðja, sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið, með bréfi dagsettu 06.08.2014 heimilaði að verði notuð í tilraunakennslu í tvö ár.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið heimilar að námslýsingar sem byggja á námskránni Opin smiðja og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heimilar til tilraunakennslu, megi meta til allt að 10 eininga.

Til að meta styrkleika einstaklings er til dæmis hægt að nota:

- Verkdagbók sem geymir formlega heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á námslýsingum þessarar smiðju, gögn sem námsmaðurinn safnaði um verk sem hann vann, tímaskýrslur um námstíma og leiðsagnarmat.
- Starfsferilsskrá.
- Einstaklingsviðtöl, sjálfsmat.
- Lokamat.

Starf/tenging við starf

Í Hljóðsmiðju I eru kenndar þær aðferðir sem notaðar eru við hljóðvinnslu í faginu í dag. Námsmenn fá góða innsýn í störf hljóðmanna og þau daglegu verkefni sem fara fram í faginu.

Lögð er áhersla á að leiðbeinendur í Hljóðsmiðju I séu fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið sjálft og að námið fari að stórum hluta fram í aðstöðu eiginlegs hljóðvinnslufyrirtækis þannig að námsmenn kynnist umhverfi sem er dæmigert fyrir fagið.

Kynning

Dagskrá, húsakynni, umgengisreglur, verkfæri, verkdagbók, námsefni og námsaðferðir.

Í upphafi hittist hópurinn þar sem leiðbeinendur kynna viðfangsefni. Þátttakendum er kynnt notkun verkdagbókar og einföld útgáfa af skráningu á verkferlum.

Leiðbeinandi gerir grein fyrir:

- Skipulagi smiðjunnar.
- Verklagi og vinnubrögðum.
- Tækjum og áhöldum og notkun þeirra.
- Námsefni.
- Helstu faghugtökum sem notuð eru.
- Skipulagi húsakynna þar sem nám fer fram.
- Öryggisbúnað og rýmingaráætlun.
- Umgengisreglum fyrir húsakynni og búnað.
- Stundatöflu námsins, viðveruskráningu og kröfum um a.m.k. 80% viðveru.
- Námsaðferðum og hlutverki leiðbeinanda.
- Kröfum sem námsmenn geta gert til annarra og kröfur sem gerðar eru til þeirra.
- Tilgangi verkdagbókar og kröfum sem gerðar eru um færslu í /verkdagbók.
- Verkefnum/Verklýsingum frá leiðbeinendum og færslu í tímaskýrslu þegar það á við.
- Námsmati, sí,- leiðsagnar- og lokamati.

Virgni í námi

Leiðbeinandi metur verkdagbók og hvort verkefni sé unnið í samræmi við viðurkennt verklag og hvort námsmaður hafi fylgt verklýsingu og leiðbeiningu.

Námsmaður metur eigið vinnuframlag, gagnsemi náms, samstarf við aðra námsmenn og leiðbeinanda.

Krafa er gerð um 80% mætingarskyldu.

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir 4 fyrir **Alltaf**, undir 3 fyrir **Oftast**, undir 2 fyrir **Stundum**, undir 1 fyrir **Aldrei**

Virgni í námi	4	3	2	1
Skrásetur og safnar í verkdagbók.				
Færir inn vinnuskýrslu og safnar verklýsingum.				
Safnar minnisatriðum, hugleiðingum, hugmyndum og öðru námsefni.				
Tekur virkan þátt í umræðum.				
Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum	Dags.			
	/			

Lota I

Undirbúningur, upptökur og vinnsla einfaldra hljóðupptaka

Undanfari: Enginn
Vinnutími námsmanns: _____ klst.
Námsaðferð:
Matsaðferð:
Annað:

Væntingar sem þú hefur til þessa námsþáttar

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir **4** fyrir **Mikil þekking/leikni/hæfni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/leikni/hæfni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/leikni/hæfni** en undir **1** fyrir **Lítill þekking/leikni/hæfni**. Tómt hólf merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

4 3 2 1

Algengum mistökum byrjenda og mögulegum afleiðingum þeirra.

Tilgangi og virkni helstu gerða hljóðnema og hljóðnema formagnara.

Helstu hljóðsniðum til skila fyrir til að mynda CD eða internet.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni til að:

4 3 2 1

Undirbúa hljóðritanir og úrvinnslu upptaka samkvæmt leiðbeiningum.

Nota verklag við upptökur, undirbúning úrvinnslu og úrvinnslu samkvæmt leiðbeiningum.

Gera öryggisráðstafanir samkvæmt leiðbeiningum.

Nota verkfæri í samræmi við ráðleggingar fagmanns.

Nota fagmál samkvæmt leiðbeiningum.

Fylgja tímaáætlun (innan við $\pm 15\%$ skekkju).

Gera lista um a.m.k. viðfangsefni, starfsstöð, tæki, verkfæri, öryggisráðstafanir og tímaáætlun fyrir úrvinnslu upptaka.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

4 3 2 1

Reikna kostnað vegna vinnutíma og leigutíma verkfæra, tækja og aðstöðu.

Ganga frá upptökum til dreifingar samkvæmt verklýsingu.

Útskýra virkni helstu verkfæra í hljóðupptökuforrit.

Fjalla um viðfangsefni og starfsstöðvar atvinnumanna.

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum

Dags.

/

Lota II

Upptaka og vinna með hljóðblöndun og hljóðjöfnun

Undanfari:	Enginn
Vinnutími námsmanns:	_____ klst.
Námsaðferð:	Námsmenn fá aðgang að fullbúnu hljóðveri þar sem þeir vinna að verkefnum undir handleiðslu leiðbeinanda.
Matsaðferð:	Metið er hvort námsmaður vinni samkvæmt réttum aðferðum sem og virkni í hópvinnu.
Annað:	Lögð er áhersla á samvinnu námsmanna.

Væntingar sem þú hefur til þessa námsþáttar

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir **4** fyrir **Mikil þekking/leikni/hæfni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/leikni/hæfni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/leikni/hæfni** en undir **1** fyrir **Lítill þekking/leikni/hæfni**. Tómt hólf merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

4 3 2 1

Hvers eðlis sýndarhljóðfæri eru og hvernig þau nýtast til hljóðsköpunar í tölvu.				
Hvers eðlis MIDI ¹ er og hvernig MIDI er notað í hljóðsköpun.				
Hvers eðlis hljóðblöndun í tölvu er:				
Forritum og búnaði í tölvu sem notuð eru til og				
<ul style="list-style-type: none">til hljóðsköpunar,til hljóðblöndunar,til að ganga frá hljóðritunum til dreifingar.				
Algengum fagorðum sem notuð eru:				
<ul style="list-style-type: none">við hljóðsköpun í tölvu,við hljóðblöndun í tölvu,við vinnu í hljóðveri,við frágang og dreifingu hljóðritana.				
Algengum mistökum sem ber að forðast í vinnu:				
<ul style="list-style-type: none">með sýndarhljóðfæri og MIDI,við hljóðblöndun í tölvu,við frágang og dreifingu hljóðritana.				
Algengum verkferlum sem eru notaðir við hljóðblöndun í tölvu.				
Algengum skráasniðum og geymslum sem eru notaðar til dreifingar á hljóðritunum.				
Algengum kostum sem eru í boði til að dreifa hljóðritunum.				
Hvað felst í frágangi hljóðritunar til dreifingar.				
Dæmigerðri starfsemi hljóðvera.				
Helstu tækjum og verkfærum sem notuð eru í hljóðveri.				
Helstu hættum og öryggisráðstöfunum vegna starfsmanna, gesta og tækja.				

¹ Musical instrument digital interface

Námsmaður skal hafa öðlast leikni til að:	4	3	2	1
Nota ráðlagt verklag við:				
• hljóðsköpun með sýndarhljóðfærum,				
• MIDI stýringar við hljóðsköpun með sýndarhljóðfærum,				
• hljóðblöndun í tölvu.				
Nota plug-in forrit til að bæta hljóm og hljóðblanda.				
Nota automation við hljóðblöndun.				
Flytja upptökur á geisladiska.				
Ganga frá upptökum til dreifingar á Netinu.				
Gera lista fyrir hljóðritun og úrvinnslu; viðfangsefni, markmið, starfsaðstaða, verkfæri, öryggisráðstafanir, tímaáætlun.				
Stilla upp í hljóðveri fyrir upptöku, með öðrum, samkvæmt verklýsingu.				
Taka upp flutning á tónlist, með öðrum, samkvæmt verklýsingu.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	4	3	2	1
Ganga frá upptöku til dreifinga samkvæmt verklýsingu.				
Bera saman rauntíma og áætlaðan tíma með öðrum við uppgjör á verki.				
Reikna verkkostnað með öðrum við uppgjör á verki.				
Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum	Dags.			
	/ ' .			

Mat á námi

Merktu við eins og við á	Já	Nei
Voru verkefnin áhugaverð?		
Voru leiðbeiningar góðar?		
Voru verklýsingar góðar?		
Voru aðstæður góðar?		
Finnst þér að þú hafir lært mikið?		
Var gagn af leiðsagnarmatinu?		
Finnst þér gagn af verkdagbókinni?		
Treystir þú þér til að vinna sambærilegt verk samkvæmt verklýsingum?		

Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Verkdagbók

Eigandi verkdagbókar:

- Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.
- Í verkdagbók er safnað efni til þess að
 - auðvelda þér upprifjun á efni smiðjunnar.
 - þú og leiðbeinandinn geti metið framvindu og árangur námsins.
 - vera vitnisburður um viðfangsefni og árangur þinn ef þú vilt sýna hana öðrum.

- Nauðsynlegt er að fært sé í verkdagbók á hverjum degi.
- Framsetning efnis getur verið skrifleg, með rissi, teikningum, ljósmyndum og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem námsmaðurinn kys.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsingar, áætlanir, uppgjör og annað sem varðar undirbúning, skipulag og framvindu verks.
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir.
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

Tímaskýrsla²

Blaðsíða ____ af ____

Unnið við:	Dags.	Klukkan	
		frá	til
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		

² Í tímaskýrslu er skráður allur tími sem varið er til náms í og utan kennslustunda.
Hljóðsmíða I. - Námslýsingar fyrir tilraunakennslu – Tilvísunarnúmer xxxxxxxx

